

Hagræn áhrif landshlutaverkefna í skógrækt

Lilja Magnúsdóttir

Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri: liljam@centrum.is

Rannsóknin sem hér verður sagt frá er MS verkefni sem höfundur vinnur að við Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí) þar sem verður rannsakað hvaða áhrif landshlutaverkefni í skógrækt (LHV) hafa haft á atvinnuuppbyggingu á starfssvæðum sínum eins og kveður á um í lögum nr. 95 frá 2006. Aðalleiðbeinandi í verkefninu er Daði Már Kristófersson, Háskóla Íslands og meðleiðbeinandi er Bjarni Diðrik Sigurðsson, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri. Samstarfsaðilar í verkefninu eru landshlutaverkefnin fimm, Héraðsskógar, Norðurlandsskógar, Skjólsskógar á Vestfjörðum, Suðurlandsskógar og Vesturlandsskógar.

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða hversu mörg störf hafa orðið til á landsvísu í tengslum við framkvæmd laga um landshlutaverkefni í skógrækt og hver þjóðhagsleg áhrif verkefnin hafa haft. Markmið verkefnisins er að leiða í ljós hvernig hefur tekist að uppfylla lagalegt hlutverk um eflingu atvinnulífs á starfssvæðum LHV með því að reikna út fjölda beinna og afleiddra ársverka sem skapast við skógrækt. Upplýsingar úr rannsókninni munu nýtast við áætlanagerð hjá LHV og hjá bændum, við ráðstöfun fjármuna hjá LHV og hjá ríkisvaldinu og þannig stuðla að bættri nýtingu fjármuna sem vonandi mun leiða af sér aukna möguleika á atvinnu bænda og annarra aðila í tengslum við skógrækt.

Gert er ráð fyrir að verkefnið sé fjórþætt:

- 1) Störf sem LHV hafa greitt fyrir sem eru fyrst og fremst tengd uppbyggingu skóganna svo sem girðingar, jarðvinnsla, gróðursetning og umhirða skóga.
- 2) Störf sem bændur hafa unnið við uppbyggingu skóganna án þess að fá greitt fyrir í þeim tilgangi að fá betri skóg og þar með betri tekjur í framtíðinni.
- 3) Afleidd störf sem tengjast LHV náðið svo sem störf í gróðrarstöðvum við plöntuframleiðslu fyrir LHV, flutningar á plöntum og annað sem talið er skipta máli við framkvæmd laga um LHV í skógrækt.
- 4) Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar verður síðan reynt að meta þjóðhagsleg áhrif LHV og verður einkum horft til Írlands til samanburðar við mat á áhrifunum.

Gert er ráð fyrir að tekið verði lagskipt slembiúrtak (e. stratified random) úr heildarfjölda skógarbænda hjá hverju verkefni fyrir sig og aflað upplýsinga úr bókhalda LHV um greiðslur til bænda varðandi þau störf sem greitt er fyrir við ræktun skóga og skjólbelta. Við mat á þjóðhagslegum áhrifum LHV verður notuð kostnaðarábatagreining (cost-benefit analysis) og línulegar aðhvarfsgreiningar. Niðurstaðan á að leiða í ljós nokkuð nákvæmt mat á fjölda ársverka sem þarf til að koma upp skógi til nytja.

Í skýrslu nefndar á vegum landbúnaðarráðherra um stefnumótun í nytjaskógrækt sem lögð var fram í nóvember 2010 var kallað eftir upplýsingum um atvinnuuppbyggingu og fjölda starfa í skógrækt á landsvísu þar sem allar slíkar upplýsingar vantar.